



Fundur háskólaráðs 15. febrúar 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 09.02.2001 15:45:03

Dags: 15.02.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)

v/Suðurgötu

101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Fax: 552 1331

2/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, fimmtudaginn 15. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Umboð stjórna stofnana sem heyra undir háskólaráð eða deildir og sem háskólaráð skipar eða tilnefnir fulltrúa í, er framlengt þar til stofnununum hafa verið settar nýjar reglur, sbr. 130. gr. og ákvæði til bráðabirgða (9) í reglugerð fyrir H.Í. nr. 458/2000. – Samþykkt.
- 1.2 Lagt fram bréf Sigurbjargar Aðalsteinsdóttur, skrifstofustjóra félagsvísindadeildar, þar sem óskað er eftir breytingu á 114. gr. reglugerðar um Háskóla Íslands. Beðið er um að breytingin komi á eftir 11. málsgrein. – Samþykkt.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lagt fram bréf Páls Skúlasonar rektors, til Sveinbjörns Björnssonar, þar sem hann er skipaður fulltrúi háskólaráðs í stjórn Hollvinasamtaka Háskóla Íslands til tveggja ára.
- 2.2 Lagt fram bréf Páls Skúlasonar rektors, til Björns Bjarnasonar, menntamálaráðherra, dags. 8. febrúar 2001, þar sem fram kemur að Háskóli Íslands miðar við að bjóða upp á nám til 90 eininga (fyrrihluta nám) í arkitektúr haustið 2001. Óskað er eftir viðræðum um greiðslu kostnaðar við undirbúning námsins, um greiðslu kostnaðar við fyrsta árganginn í þrjú ár og um kostnað vegna húsnæðis fyrir nemendur og kennara.
- 2.3 Lögð fram bréf Magnúsar D. Baldurssonar, aðstoðarmanns rektors, til Borgarverkfræðings, dags. 18. janúar og 7. febrúar 2001, og til Vegagerðarinnar, dags. 7. febrúar 2001, þar sem óskað er eftir viðræðum við skipulagsyfirkvöld Reykjavíkurborgar vegna fyrirhugaðrar færslu Hringbrautar.
- 2.4 Lagt fram yfirlit frá stjórnarsýslusviði yfir nefndir háskólaráðs og erindisbréf þeirra.
- 2.5 Lögð fram greinargerð frá stjórnarsýslusviði með yfirliti yfir stofnanir Háskólans og gildandi reglur um þær.
- 2.6 Lagður fram bæklingur frá Tryggingastofnun ríkisins, “Börn og unglingar – hver er réttur þeirra?”

3. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 3.1 Lagt fram bréf Ragnhildar Steinbach, skrifstofustjóra lyfjafræðideildar, ásamt reglum um doktorsnám við lyfjafræðideild. Óskað er eftir að reglurnar verði staðfestar af háskólaráði. – Samþykkt.
- 3.2 Tillögur deilda um fjöldatakmarkanir. Lagðar fram tillögur læknadeildar, sjúkráþjálfunarskorar, tannlæknadeildar, félagsvísindadeildar og hjúkrunarfræðideildar. Tillögur læknadeildar, sjúkráþjálfunarskorar, tannlæknadeildar og félagsvísindadeildar samþykktar einróma. Tillögu hjúkrunarfræðideildar frestað og óskað eftir að reglur deildarinnar um inngöngu í námið liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin.

- 3.3 Drög að reglum um endurmenntun á vegum deilda Háskóla Íslands.
- 3.4 Framkvæmdaáætlun 2001-2002. Tillaga til háskólaráðs.
- 3.5 Reglur um Guðfræðistofnun Háskóla Íslands.

4. Mál á dagskrá

- 4.1 Kynning á stjórnslusviði og starfsáætlun stjórnslunnar.
Fyrir fundinum lá yfirlit yfir sameiginleg verkefni stjórnslu Háskóla Íslands og starfsáætlanir stjórnslusviðanna fyrir árið 2001. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri stjórnslusviðs, gerði grein fyrir yfirlitinu. Málið var rætt ítarlega og svaraði Þórður framkomnum spurningum og athugasemdum.
- 4.2 Matsreglur kjaranefndar
Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, og gerði grein fyrir framlögðum gögnum, minnisblaði um mat á starfsþáttum til stiga, töflum um stigafjölda fyrir árin 1998 og 1999, og reglum félags háskólakennara um samræmdar matsreglur og reglum um vinnureglur matsþópa frá desember 1999. Málið var rætt ítarlega og svaraði Halldór framkomnum spurningum og athugasemdum.
- 4.3 Hugverkaréttur og einkaleyfi.
Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs, gerði grein fyrir framlögðum gögnum, minnisblaði um hugverkarétt og einkaleyfi og drögum að stefnumótun fyrir Landspítala-háskólasjúkrahús/Háskóla Íslands um verndun og hagnýtingu uppfinninga/hugverka. Málið var rætt ítarlega og svaraði Halldór framkomnum spurningum og athugasemdum.

5. Önnur mál

- 5.1 Stefán Ólafsson, prófessor og formaður stjórnar Háskólabíós, greindi frá hugmyndum stjórnarinnar um breytingar á rekstri bíósins.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 16:30